

23,06,2018

Fundastaður Hólaskjól

Boðaðir og mættir á fundinn Sigfús Sigurjónsson, Páll Oddsteinsson, Guðmundur Arnarsson.

Byrjað á því að Guðmundur Arnarsson er kosinn ritari.

Næstu mál

1. Guðmundur Arnarsson er kosinn formaður fjallskilanefndar.
2. Umræða um gróður á afrétti, hvenær hann væri tilbúinn til beitar. Nefndin hafði hitts viku fyrr og farið í gróðurskoðun upp á afrétt og panntað tíma hjá gróðurnefnd og fulltrúa Landgræðslunar, ætluð þeir fulltrúar að koma 26 júní. Var ákveðið að Guðmundur færi með þeim í þessa skoðun og var ákveðið hverjir myndu hringja í hvað lögbýli þegar nefnd kæmi með dagsetningu um upprekstur.
3. Farið var yfir helstu verkefni sem fyrri fjallskilanefnd hafði verið að vinna í og hvaða áherslur við sáum fyrir okkur að gera. Niðurstaðan var sú að halda áfram með viðhald á lögrétt þar sem frá var horfið. Einnig komu hugmyndir með að færa og stækka réttarbirgi við Hólana, endurnýja afréttargirðinu en ekki átti að leggja áherslu á það á þessu ári.
4. Næst var rætt samningur við Landgræðsluna um áburðardreifinu og uppgræðslu og niðurstaðan var sú að nefndin ætlaði að kynna sér hann betur fyrir næsta fund eða heyrast með það næstu daga.
5. Almenn umræða um ýmis önnur mál t.d afréttargirðingar, kofa, birgi og aðrar fjallskilanefndir.
6. Því næst var farið inn í Eldgjá og Skælinga og gróður metinn. Niðurstaðan var sú að gróðri hafði farið mikið fram á þessari viku sem hann var metinn síðast.
7. Farið inn í Hóla og fundi slitið.



Guðmundur Ingí Arnarsson

8,07,2018

Fundastaður Borgarfell

Boðaðir og mættir á fundinn Sigfús Sigurjónsson, Páll Oddsteinsson, Guðmundur Arnarsson.

Helstu mál

1. Umræða um saming við Landgræðsluna frá fyrri fundi sem menn voru búnir að kynna sér.
Farið yfir gögn/kort frá Landgræslunni yfir áburðardreifinu og uppgræðslu samkvæmt Landbóta áætlun. Því fyrirhugað var að fara í það verkefni næstu daga.
2. Smölun afréttar, setja sig í samband við sveitastjórn og fá dagsgjald fyrir afrétt og fjártölur á lögbýli. Tala við kokk fyrri árs, ath með réttarstjóra, fjallkóng. Ákveða réttardag (15.09.2018) upp á að fá Hólana frátekna hjá leiguliðum.
3. Um ræða um viðgerð á lögrétt, því ekkert hefur verið hægt að vinna í henni vegna veðurs.
4. Almenn umræða



Guðmundur Ingi Anarsson

15,08,2018

Fundarstaður Úthlíð

Boðaðir á fundinn Sigfús Sigurjónsson, Páll Oddsteinsson, Guðmundur Arnarsson. Mættir Sigfús Sigurjónsson, Guðmundur Arnarsson. Talað við varamenn ekki komst nein þeirra á fundinn.

Helstu mál.

1. Útbúa fjallskilaseðill 2018, fara yfir tölur frá hreppnum. Seðill afgreiddur.
2. Skipulagning fyrir afrétt, farið yfir umsóknir sem hafði borist yfir auka smala, farið yfir ráðningu á réttarstjóra en hann er Jón Atlí Gröf, ráðning á fjallkóngi en ritari stingur upp á fyrri fjallkóng (Sigfús Sigurjónsyni) en þar sem hann situr í fjallskilanefnd hringjum við í Páll Oddsteinsson á fundinum og samþykkir hann ráðningu á Sigfúsi Sigurjónsyni.
3. Almenn umræða um t.d viðgerð á rétt en vegna veður hefur ekkert verið hægt að vinna í henni og var ákveðið að bíða með viðgerð á henni þar til næsta árs.



Guðmundur Ingi Arnarsson

29,09,2018

Fundarstaður Úthlíð

Boðaðir á fundinn Sigfús Sigurjónsson, Páll Oddsteinsson, Guðmundur Arnarsson. Mættir Sigfús Sigurjónsson, Guðmundur Arnarsson. (vegna veikinda komst Páll ekki á fundinn eins og síðasta)

1. Fjárhagsættlun næsta ár fyrir hreppsnefnd og sveitastjóra vegna fundar sem boðaður hefur verið. Helstu verkefni næsta árs klára lagfæringar á lögrétt, byrja endurnýja afréttargirðingu. Guðmundur tekur að sér að útbúa áætlun endarlega og fá verð í efni sem við á.
2. Farið yfir smölun afréttar og ætlar fjallskilanefnd að byrja safna að sér gögnum fyrir uppgjör.
3. Almenn umræða



Guðmundur Ingi Arnarsson

26,11,2018

Fundarstaður Úthlíð

Boðaðir á fundinn Sigfús Sigurjónsson, Páll Oddsteinsson, Guðmundur Arnarsson. Mættir Sigfús Sigurjónsson.

1. Uppgjör vegna afréttar fyrir lögbýli og smala. Það mál afgreitt og tekur Guðmundur að sér að tala við smala og fá nánari upplýsingar um þá.
2. Almenn umræða um þetta tímabil.



Guðmundur Arnarsson